

**1947 nr. 30 22. apríl****Lög um að tryggja manneldisgildi hveitis**

Tóku gildi 1. júlí 1947. Breytt með 1. 10/1983 (tóku gildi 25. mars 1983).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum manneldisráðs að skipa fyrir með reglugerð um ráðstafanir til að tryggja sem

best manneldisgildi hveitis, sem selt er á íslenskum markaði. Má í því skyni krefjast sérstakrar tilhögunar við mölun hveitisins, svo og að það skuli blandað viðeigandi næringar- og hollustuefnum, annars hvors eða hvors tveggja í senn.

**■ 2. gr.**

Brot gegn ákvæðum reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, skulu varða ...<sup>1)</sup> sekt, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

<sup>1)</sup> L. 10/1983, 22. gr.